



Hreppsnefnd 17.04.08

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 17. apríl 2008 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00

Mætt til fundar: Anna Pála Víglundsdóttir, Ólafur K. Ármannsson, Borghildur Sverrisdóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Björn Halldórsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórdís Þorbergsdóttir.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 3. apríl sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 3. apríl sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál Fundargerð menningarmálanefndar frá 8. apríl sl.

Lögð fram fundargerð menningarmálanefndar frá 8. apríl sl.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. mál Hamrahlíð 17, kauptilboð

Lagt fram kauptilboð dags. 14. apríl sl. í fasteignina Hamrahlíð 17, Vopnafirði, sem undirritað hefur verið með fyrirvara um samþykki hreppsnefndar. Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og að fengist hefði fjárveiting til verkefnisins á grundvelli þess að uppkaupin væru mikilvægur þáttur í því að bæta aðgengi að vinnustofu Jónsvers ses. á Vopnafirði.

Lögð var fram svofelld tillaga: „Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir framlagt kauptilboð þar sem gert er ráð fyrir að Vopnafjarðarhreppur kaupi Hamrahlíð 17 af Nikulási Árnasyni á kr. 3.000.000.“

Nokkrar umræður urðu um málið þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Voru nefndarmenn almennt jákvæðir og var fyrirliggjandi tillaga síðan samþykkt samhljóða.

4. mál Bréf HSA dags. 1. apríl sl., varðandi húsaleigu.

Lagt fram bréf HSA frá 1. apríl sl., þar sem tilkynnt er um hækkun á húsaleigu á því rými sem Vopnafjarðarheppur leigir undir lyfsöluna og óskað eftir samningaviðræðum í því sambandi við Vopnafjarðarhepp.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og samskiptum við HSA á ýmsum fleiri sviðum rekstrar.

Síðan var lögð fram svofelld tillaga: „Að gefnu tilefni óskar hreppnefnd Vopnafjarðarhrepps eftir viðræðum við HSA um heildarsamskipti þessara aðila á ýmsum sviðum rekstrar og kostnaðar við rekstur á húsnæði legudeildarinnar.“

Allmiklar umræður urðu um þessi mál.

Fyrirliggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða.

5. mál Umsóknir Vopnafjarðarhepps um styrki til jarðhitaleitar úr almennu og sérstöku átaki Orkusjóðs.

Gerð var grein fyrir umsóknum Vopnafjarðarhepps í almennt og sérstakt jarðhitaátak á vegum Orkusjóðs.

Fáist styrkur til verkefnisins er ráðgert að ráðast í boranir í sumar. Áætlað er að styrkveitingar liggi fyrir um mánaðarmótin maí/júní nk.

Um málið fór fram nokkur umræða, samþykkti hreppsnefnd samhljóða fyrirliggjandi umsóknir fyrir sitt leyti.

6. mál. Bréf lónaðarráðuneytisins frá 2. apríl sl., Húsfriðunarsjóði frá 18. mars sl. og VÍS dags. 28. mars sl., en öll þessi bréf fjalla um styrkveitingar.

Lögð fram bréf frá lónaðarráðuneytinu, dags. 2. apríl, sl., varðandi styrkveitingu að fjárhæð 2.000 þús. kr. til Múlastofu, frá Húsfriðunarnefnd varðandi 2.000 þús. kr. styrk til Kaupvangs og Vátryggingarfélagi Íslands varðandi 500 þús. kr. styrk til gerðar göngubrúar yfir Selá í Vopnafirði. Sveitarstjóra falið að rita viðkomandi bréf og þakka fyrir veitta styrki að undangenginni nokkurri umræðu.

7. mál. Ýmis bréf og erindi.

a) Drekasvæðið, fundargerð samráðsfundar frá 11. apríl sl., þar sem gengið var frá samningurm við Almennu verkfræðistofuna og Línuhönnun.

Lagt fram til kynningar

b) Fundargerð frá 11. apríl sl. varðandi samstarf Flugstoða og Brunavarna á Austurlandi

Lagt fram til kynningar.

c) Bréf SSA ásamt umsögnum um frumvörp sem sambandið hefur gert.

Lagt fram til kynningar

d) Fundargerð fámennra sveitarfélaga, sem haldin var 3. apríl sl.

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00